

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um kolefnisjöfnun Stjórnarráðsins.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hefur markmiði loftslagsstefnu Stjórnarráðsins, sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi 9. apríl 2019, um að kolefnisjafna alla starfsemi Stjórnarráðsins verið náð? Er starfsemi Stjórnarráðsins kolefnishlutlaus í dag?
2. Hver var losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi Stjórnarráðsins á hverju árunna 2019–2022, mælt í tonnum CO₂-ígilda og greint eftir ráðuneytum og áhrifaþáttum losunar?
3. Hver var kolefnisjöfnun Stjórnarráðsins hvert umræddra ára, mælt í tonnum CO₂-ígilda og greint eftir ráðuneytum?
4. Hvernig fór sú kolefnisjöfnun fram og hver var kostnaður við hana, greint eftir ráðuneytum? Hversu stór hluti hennar var vottaður af viðurkenndum vottunaraðilum, og hvaða vottunaraðila var þá um að ræða?
5. Er kolefnisjöfnun vegna flugs enn tvöfölduð, líkt og kveðið er á um í loftslagsstefnu Stjórnarráðsins?

Skriflegt svar óskast.